

# Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Kópavogi

## Samráð við börn og ungmenni

Niðurstöður samtala við grunnskólabörn í tveimur skólum Kópavogs  
Nóvember – desember 2019

### **Verkefni:**

***Íbúasamráðsverkefni í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, Alta  
ráðgjöf, Akureyrarbæ, Norðurþing og Stykkishólm***

Samantekt gerð fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga

þann 13. ágúst 2020

Anna Elísabet Ólafsdóttir, verkefnisstjóri innleiðingar Barnasáttmála og  
sérfræðingur Lýðheilsุมála í Kópavogi

Sigrún María Kristinsdóttir, verkefnisstjóri íbúatengsla í Kópavogi



## Verkefnið og markmið þess

Verkefnið gekk út á að **leita ráða** og að **eiga samstarf** við börn og ungmenni á grunnskólaaldri um það hvernig þau geti komið meira að málefnum sveitarfélagsins og innleiða þannig markvisst í Kópavogi 12. grein Barnasáttmálans um rétt barna til að tjá sig og að á þau sé hlustað. **Markmið** verkefnisins er að öðlast þekkingu á því **hvernig best sé fyrir sveitarfélagið að eiga í markvissu og stöðugu samstarfi við börn og ungmenni** og skapa þannig traustan grundvöll fyrir þekkingarmiðlun og samráð á milli stjórnenda sveitarfélagsins og barna og ungmenna sem þar eiga lögheimili.

## Skipulag og framkvæmd

Fulltrúar tveggja skóla í Kópavogi tóku þátt í verkefninu. Í fyrri skólanum var nemendum skipt í þrjá hópa á grundvelli aldurs: yngsta-, mið- og efsta-stig. Yngsta stig voru nemendur úr 3. og 4. bekk með samtals 12 nemendum. Miðstig voru nemendur úr 6. og 7. bekk, samtals 15 nemendur og unglingsstig voru nemendur úr 8., 9., og 10. bekk samtals 13 nemendur. Fundir með yngsta- og miðstigi voru haldnir 28. nóvember en fundur unglingsstigs þann 3. desember og voru starfsmenn skólans hópstjórar á öllum fundunum. Í seinni skólanum var notuð sambærileg aðferð nema að ungmenni úr efsta stigi (nemar úr 10. bekk) tóku að sér að vera hópstjórar fyrir yngri hópana og einn kennari var borðstjóri fyrir efsta stigið. Samtals tóku 22 börn í 3.-10. bekk þátt í samráðinu, 11 drengir og 11 stúlkur, auk 5 nema sem voru borðstjórar, allt stúlkur. Börnin voru öll meðlimir í réttindaráði skólans, og höfðu öll boðið sig fram í ráðið. Fundur í seinni skólanum var haldinn 4. desember. Nemendur ræddu spurningar sem fyrir þá voru lagðar, skrifuðu hugmyndir sínar á litla miða, söfnuðu saman og ræddu. Hópstjórar tóku saman á eitt blað sem nemendur kynntu síðan.

## Samráðsspurningar

Eins og fram hefur komið gekk verkefnið út á að eiga samráð við börn um eftirfarandi tvö atriði:

- a) hvaða leiðir þau telja að henti til að koma skoðunum sínum á framfæri við bæjaryfirvöld og
- b) hvernig gera má þátttöku barna í ákvörðunum bæjarins hluta af daglegu skóla- og/eða félagsmiðstöðvarstarfi.

Sem upphitun fyrir þessar tvær mikilvægu spurningar fóru yngstu aldurshóparnir í gegnum samtál um **hvað væri gott við að búa í Kópavogi og hvað mætti betur fara** og miðstigið tók samtál um **hvað þau vildu helst hafa áhrif á**.

Spurningarnar voru:

### Yngsta stig

1. Hvað er gott við að búa í Kópavogi?
2. Hvað gæti verið betra í Kópavogi?
3. Vilt þú tala við þá sem stjórna Kópavogi og segja þeim hvað þér finnst?
4. Hvernig heldur þú að væri best að tala við þá sem stjórna Kópavogi um hvað þér finnst gott við Kópavog og hvað þú myndir vilja að væri betra?

### Miðstig

1. Langar þig að hafa meiri áhrif á það sem er gert í Kópavogi?
2. Hvað langar þig að hafa áhrif á?
3. Hvernig heldur þú að væri best að segja stjórnendum Kópavogs hvað þér finnst?
4. Hvernig væri hægt að nota tímann í skólanum/félagsmiðstöðinni til að gefa nemendum tækifæri til að segja sína skoðun á því hvernig megi gera bæinn okkar betri?



## Unglingastig

1. Á Kópavogsbær að leita eftir skoðunum barna og ungmenna á málefnum bæjarins?
2. Hvaða leiðir myndu henta börnum og ungmennum best til að koma skoðunum sínum á framfæri við bæjarstjórn?
3. Hvernig má gera þátttöku barna í ákvörðunum bæjarins hluta af daglegu skóla- og/eða félagsmiðstöðvastarfi?

## Helstu niðurstöður

Megintilgangur samráðsins var að heyra frá börnum og ungmennum varðandi:

**a) hvaða leiðir þau telja að henti til að koma skoðunum sínum á framfæri við bæjaryfirvöld**

**b) hvernig gera má þátttöku barna í ákvörðunum bæjarins hluta af daglegu skóla- og/eða félagsmiðstöðvastarfi.**

Sem upphitun fyrir þessar tvær mikilvægu spurningar fóru yngstu aldurshóparnir í gegnum samtál um **hvað væri gott við að búa í Kópavogi og hvað mætti betur fara** og miðstigið tók samtál um **hvað þau vildu helst hafa áhrif á**. Elsti aldurshópurinn fór beint í að vinna með spurningarnar hér að ofan.

Myndirnar þrjár hér að neðan sýna fyrst það helsta sem talað var um í inngangsspurningunum hjá yngsta- og miðstigi, en þær reyndust mikilvægar til að skapa rétt andrúmsloft og kynna börnunum verkefnið. Seinni myndin sýnir úrvinnslu starfsmanna Kópavogsbæjar úr spurningum a) og b) og svörum allra þátttakenda.

**Samantekt á því helsta sem börn telja gott í Kópavogi, hvað má betur fara og á hvað þau vilja helst hafa áhrif.**

Hvað er gott	Hvað má gera betur	Hvað viltu hafa áhrif á
Skemmtileg leiktæki	Bæta lýsingu við skóla og göngusvæði	Fleiri og betri ljósastaura
Góðir skólar	Hafa tunnu fyrir lífrænan úrgang	Val leiktækja á skólalóðina
Góð íþróttafélög	Flokka betur	Meira val í skólanum
Margar gönguleiðir	Minnka matarsóun	Fleiri gervigrasvelli
Gott fólk	Skemmtilegri rennibrautir	Opnunartíma félagsmiðstöðva
Góð bókasöfn	Vera betri hvort við annað	Hvað er í matinn í mötuneytinu
Góðar sundlaugar	Rafmagnshlaupahjól frekar en bíla	Hoppudýnu á fleiri staði
Skólarnir eru tæknivæddir	Fleiri ruslatunnur á	Umferðarljós í þágu barna
Hreint og gott vatn og loft	almenningssvæðum	Opnunartíma sundlauga um helgar
Stutt á milli staða	Hafa túrtappa og bindi á	Ódýrara eða ókeypis í strætó
Góð heimili	kvennaklósettum	Efla vináttu í bænum
Margt hægt að gera	Umferðaröryggismál s.s hvar er	Fleiri leikrit sem börn setja upp
	sandað og saltað	Meiri slökun



## Samantekt helstu leiða sem börn og ungmenni telja að gætu hentað til að koma skoðunum sínum á framfæri við bæjaryfirvöld í Kópavogi

### Nota app og/eða samfélagsmiðla til samskipta og kannana

Að til sé app til að byggja samskiptabru milli barna og stjórnenda bæjarins. Í gegnum appið geta börn sent inn athugasemdir eða hugmyndir. Appið mætti líka nota til skoðanakannana meðal barna. Þá mætti skoða að nota heimasíðu, Facebook, Instagram eða Snapchat til skoðanaskipta og innsendinga ábendinga.

### Nota félagsmiðstöðvar betur

Að nota betur viðverustundir í félagsmiðstöðvum, t.d. til að vinna með hugmyndir um hvernig gera má bæinn betri og leysa úr áskorunum sem börn upplifa. Niðurstöður væru teknar saman og sendar til bæjarstjórnar. Þá mætti hugsa sér að fulltrúi bæjarstjórnar komi á fundi í félagsmiðstöðvum og taki við niðurstöðum og hlusti á skoðanir barnanna.

### Hugmyndakassi/Kannanir

Að hafa hugmyndakassa í skólum þar sem nemendur geta safnað nafnlausum hugmyndum. Vinnuhópur innan skólans, skipaður börnum og starfsfólki, gæti unnið reglulega úr hugmyndunum, tekið saman og sent til bæjarstjórnar. Jafnframt mætti hugsa sér að gera sérstakar kannanir meðal barna um stærri mál er þau varða.

### Halda reglulega (frímínútna-) fundi


Að bæjarstjóri eða fulltrúar bæjarstjórnar komi reglulega í skólana til fundar. Hugsanlega mætti nota frímínútur í stuttan fund eða nýta einhverja kennslustundir s.s. tvöfalda tíma til að taka á móti fulltrúum bæjarstjórnar. Jafnframt mætti hugsa sér að bæjarstjórn hafi opna fundi sem börn geta sótt, slíkur fundur gæti jafnvel farið fram í gegnum Skype.

### Sendu bréf, tölvupóst eða SMS

Að nemendur, ýmist sem einstaklingar eða sem hópur, geti tekið saman erindi og sent til bæjarstjórnar annað hvort sem bréf, tölvupóst eða jafnvel sem SMS.

### Sendu fulltrúa nemenda á fund bæjarstjóra

Að skoðanaskipti og umfjöllun um afmörkuð mál verði gerð að verkefnum innan skólans, t.d. einu sinni í mánuði. Þegar niðurstöður hafa verið teknar saman fari fulltrúar barna t.d. nemendaráð á fund bæjarstjóra eða bæjarstjórna.





## Lærdómur og næstu skref

Börnin sem þátt tóku lýstu skýrum vilja til að fá að hafa meiri áhrif á það hvernig Kópavogi er stjórnað. Þau komu með margar góðar ábendingar, svo sem að geta komið skoðunum sínum á framfæri í gegnum app og/eða samfélagsmiðla, að bæjarstjóri eða -stjórn haldi reglulega fundi með þeim, t.d. í frímínútum, nýta félagsmiðstöðvarnar, hafa vettvang og tækifæri til að senda bæjarstjórn bréf eða tölvupóst, setja upp hugmyndakassa í skólunum eða senda fulltrúa nemenda á fund bæjarstjórnar.

Það var ánægjulegt að fylgjast með börnunum sem tóku þátt í verkefninu vinna sína vinnu. Þau hafa greinilega fengið þjálfun í samráðsfundum sem skilar sér í markvissu samtali og heildstæðum niðurstöðum. Draga má þann lærdóm af þessu að mjög mikilvægt er fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélaga, sem koma að samráðsverkefnum meðal barna, að nýta sér þá þekkingu, reynslu og aðferðafræði sem skólarnir eru þegar kunnugir.

Í öðrum skólanum tóku þátt nemendur sem skipa sérstakt nemendaráð sem fjallar um málefni barna í skólanum en ráðið kalla þau ÖSE sem stendur fyrir Öll Sem Eitt. Þau eru vön því að vinna í hópum, skrifa niður hugmyndir og ræða síðan saman til að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Í hinum skólanum er starfandi réttindaráð en sá skóli stefnir á að verða Réttindaskóli Unicef sem m.a. felur í sér að í skólanum sé sérstakt ráð sem fjalli um málefni barnanna. Börnin sem skipa réttindaráð skólans tóku þátt í þessu verkefni.

Því hefur verið velt upp hvort allir skólar hafi á að skipa ráðum eða nefndum sem fjalla um málefni barna í skólunum. Fleiri skólar í Kópavogi stefna á að verða Réttindaskólar Unicef og hafa því einnig réttindaráð. Samkvæmt grunnskólalögum skulu vera nemendafélög í öllum skólum og því má gera ráð fyrir að innan skólanna ættu að vera til nemendahópar sem gætu tekið þátt í samtali um málefni barna í viðkomandi skóla. Þó þarf að hafa í huga að starfssemi nemendafélaga skólanna er misöflug. Auk þess má benda á að innan einhverra skóla eru reglulega haldin nemendaping.

Stefnt er að því að útbúið verði verkferli um virka og reglulega þátttöku barna í stefnumótandi starfi Kópavogsbæjar. Þar verður að mörgu að huga, meðal annars þjálfunarleiðbeiningar og kynjakvótar sem stuðla að jafnri þátttöku og þjálfun beggja (allra) kynja.